

um jöfnun raforkuverðs.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Raforkuverðjöfnunarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkv. 2. gr. laga þessara og að lækka með niðurgreiðslum útsöluverð raforku, sem unnin er og seld til almenningsnota eingöngu eða aðallega í oliuorkuverum (dieselstöðvum).

2. gr.

Leggja skal verðjöfnunargjald á unna raforku í vatnsorkuverum eða vinnslugetu slíkra orkuvera fyrir eitt ár í senn, og skal upphæð verðjöfnunargjaldsins við það miðuð, að heildarupphæð þess nægi til að lækka útsöluverð raforku frá oliuorkuverum, svo að það verði ekki meira en 10% hærra en meðalútsöluverð raforku frá vatnsorkuverum er á sama tíma, enda verði það aldrei lægra vegna niðurgreiðslu en meðalverð vatnsorkustöðvanna.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með raforkumál, setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Skal þar m. a. kveðið á um stjórn Raforkuverðjöfnunarsjóðs, hverjir og hvernig ákveða skuli verðjöfnunargjald og um greiðslur úr sjóðnum til oliuorkustöðva til lækunar á útsöluverði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið uppi ráðagerðir um að sjá öllum landsmönnum, að minnsta kosti þar sem þéttbýlast er, fyrir raforku frá stórum vatnsorkuverum. Hefur verið áætluð bygging margra orkuvera í þessu skyni, og um nokkur þeirra hafa verið sett lög á Alþingi. Mannvirki þessi og háspennulínur í sambandi við þau reynast hins vegar svo dýr, að fyrirsjáanlegt er, að það muni taka mjög langan tíma að koma þeim upp.

Til bráðabirgða hafa mörg sjávarþorp hér á landi, t. d. á Vestfjörðum, komið sér upp oliuorkuverum (dieselstöðvum), sem selja orku til almenningsnota og þó aðallega til ljósa og suðu á heimilum. Raforka, sem unnin er á þennan hátt, verður miklu dýrari en sú orka, sem unnin er í vatnsorkuverum, og má telja óviðunandi og raunar ókleyft að húa við slíkt til langframa. Til að ráða bót á þessu er um tvær leiðir að velja. Fyrri leiðin er að koma upp vatnsorkuverum þeim og háspennulínunum, sem rætt hefur verið um hér að framan. En auk þess sem slíkt hlýtur að taka langan tíma, mun fjárhagsgrundvöllur slíkra stórframkvæmda í ýmsum tilfellum reynast mjög vafasamur, og er þá mikið í húfi, þegar miklu fjármagni hefur verið til þeirra varið. Hin leiðin, sú sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er að gera ráðstafanir til þess, að dieselstöðvagnar geti selt orkuna lægra verði en nú tíðkast. Virðist eðlilegt að gera það á þann hátt að leggja nokkurt verðjöfnunargjald á hin stærri vatnsorkuver, sem selja ódýra orku, og verja því fé, sem þannig innheimtist, til að greiða niður orkuverð dieselstöðvanna. Mætti þá fremur einhver dráttur verða á byggingu sumra þeirra vatnsorkuvera, sem áformuð eru, og spara þannig fjárframlög fyrir þjóðarheildina.

Ekki þykir ástæða til að taka í lög nákvæm ákvæði um framkvæmd slíkrar verðjöfnunar, t. d. upphæð verðjöfnunargjalds. Þykir réttara, að slíkt ákvæði séu í reglugerð, sem ráðherra setur að undangenginni rannsókn. Þykir nægja að kveða á um stofnun og tilgang verðjöfnunarsjóðs og að á skuli lagt verðjöfnunargjald, sem nægi til tiltekinnar niðurgreiðslu. Er þá gert ráð fyrir, að niðurgreiðslan verði að minnsta kosti það mikil, að orkuverð dieselstöðvanna verði ekki meira en 10% hærra, en hins vegar ekki svo mikil, að þær geti selt raforku lægra verði en vatnsorkuverin. Ekki er ætlazt til, að dieselstöð (eða önnur oliuorkuver) fái niðurgreiðslu, ef hún er rekin í sambandi við vatnsorkustöð, sem dreifir meira orkumagni en dieselstöðin.

Til skýringar skal þess getið, að orkuvinnsla vatnsorkuvera mun á s. l. ári hafa verið samtals um 170 milljónir kílóvattstunda, en orkuvinnsla dieselstöðva þeirra, er verðjöfnunar mundu njóta samkvæmt frumvarpinu, samtals 8—9 millj. kílóvattstunda. En þegar lokið er hinni nýju virkjun Sogs og Laxár, mun orkuvinnsla vatnsorkuvera vaxa mjög, sennilega a. m. k. tvöfaldast innan skamms, og verður þá verðjöfnun auðveldari að sama skapi.